

Ed.

590. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi. (Þingskj. 482).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

- Við 9. gr. Í stað: »1. jan. 1912« komi: »1. jan. 1915«.
- Við 10. gr. Í stað greinarinnar komi 10. gr. svo hljóðandi: »Þær áfengisbirgðir, sem einstakir meun kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1915 er ekki skylt að flytja burt úr landinu. En eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lög-reglustjóra vottorð að viðlögðum drengskap um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slikt vottorð skal síðan gefa um hver áramót um hverjar og hve miklar birgðir séu eftir óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.
- Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.
- Við 11. gr. Í stað: »og skal þá gera heimilisrannsókn hjá honum«, komi: »og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði. Í stað: »sýna sönnunargögn þess,« komi: »skýra frá«.
- Við 13. gr. Þessi grein falli burtu og greinatalan breytist eftir því.
- Við 14. gr. Við greinina bætist: »Hið sama gildir og um aðra, er vitni bera í málinu.«
- Við 15. gr. Í stað: »200« komi: »300«.
- Við 16. gr. Í stað: »fjárnám í sektum« komi: »fjárnám fyrir sektum«.
- Í stað: »200—1000 kr.« í annari málsgrein komi: »200—2000 kr.«
- Við 23. gr. Í stað þessarar greinar komi tvær nýjar greinar er hljóði svo:
23. gr. Að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum öðlast þau gildi 1. jan. 1912.
24. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingu áfengra drykkja, og önnur þau ákvæði, er koma í bága við lög þessi.